

Ágæti forseti bæjarstjórnar, góðir bæjarfulltrúar

Í 119. gr. laga nr, 112/2021 stendur að tilkynna skuli hinum kjörnu aðalfulltrúum og jafnmörgum varamönnum um úrslit kosninganna. Jafnframt segir í sömu lagagrein að yfirkjörstjórnin skuli gefa nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna. Auk þess hefur sú venja skapast að formaður gefi skýrslu um framkvæmd kosninganna og þess vegna er ég hér.

Bæjarfulltrúar hafa nú þegar fengið tilkynningu um kjör sitt í samræmi við 119.gr. kosningalaganna.

Yfirkjörstjórnin auglýsti á tilsettum tíma eftir framboðum eins og lög gera ráð fyrir. Alls bárust átta framboðslistar og úrskurðaði kjörstjórnin alla framboðslistana gilda á fundi með umboðsmönnum þeirra þann 9. apríl.

Af framboðunum átta í Kópavogi fengu sex þeirra fulltrúa í bæjarstjórn.

Á kjörskrá voru alls 28.925 en voru 25.790 í bæjarstjórnarkosningunum árið 2018. – fjölgun um 3.135 eða um 12,2%.

Alls kusu 16.846 og þar af kusu 2.450 utan kjörfundar.

Af þeim 16.846 sem kusu voru 8.126 karlar, og 8.718 konur og 2 með hlutlausu kynskráningu.

Kosningaþátttakan var 58.2% af þeim sem voru á kjörskrá sem er sögulegt lágmark. Árið 2018 var kjörsókn 63,4%, þar á undan árið 2014 var sambærilegt hlutfall 60,8% og var þá í sögulegu lágmarki. Árið 2010 var kjörsóknin 68,75%, og árið 2006 var hún 77,25% .

Atkvæði féllu þannig:

B listi Framsóknarflokks 2.489 atkvæði – 15,2% - 2 bæjarfulltrúa

C listi Viðreisnar 1.752 atkvæði - 10,7% - 1 bæjarfulltrúa

D listi Sjálfstæðisflokks 5.472 atkvæði – 33,3% - 4 bæjarfulltrúa

M listi Miðflokksins og óháðra 430 atkvæði - 2,6% - engan bæjarfulltrúa

P listi Pírata 1.562 atkvæði - 9,5% atkvæði - 1 bæjarfulltrúa

S listi Samfylkingarinnar 1.343 atkvæði – 8,2% - 1 bæjarfulltrúa

V listi Vinstrihreyfingar græns framboðs 866 atkvæði – 5,3% - engan bæjarfulltrúa

Y listi Vina Kópavogs 2.509 atkvæði – 15,3% - 2 bæjarfulltrúa

Auðir atkvæðaseðlar voru 366 og ógildir 57 samtals 423

Alls voru 189 útstrikanir eða færsla neðar í sæti á gildum atkvæðaseðlum.

Breytingarnar voru sem hér segir:

B listi Framsóknarflokks 17 atkvæði

C listi Viðreisnar 12 atkvæði

D listi Sjálfstæðisflokks 114 atkvæði

M listi Miðflokksins og óháðra 9 atkvæði -

P listi Pírata 8 atkvæði

S listi Samfylkingarinnar 19 atkvæði

V listi Vinstrihreyfingar græns framboðs 1 atkvæði

Y listi Vina Kópavogs 9 atkvæði

Kjörstaðir voru tveir, íþróttahúsin Smárinn og Kórin. Í Smáranum voru 18 kjördeildir en 8 í Kórnum. Breytingin frá fyrri sveitarstjórnarkosningum er sú að fjölgað var um 2 kjördeildir í Smáranum og 2 í Kórnum.

Íþróttahúsin koma vel út sem kjörstaðir, sérstaklega Smárinn. Kjörstaðirnir eru í alfaraleið, næg bílastæði, gott rými þegar inn er komið og allar merkingar auðveldar og vel staðsettar.

Framkvæmd kosninganna á kjördag gekk vel og vandamál sem upp komu eru vart í frásögu færandi. Við framkvæmd kosninganna og talningu atkvæða störfuðu hátt í 200 manns. Talningin gekk vel og var þar að störfum kröftugt fólk úr bankageiranum undir stjórn Pálma Mátssonar bæjarritara og var Jón Ögmundsson úr yfirkjörstjórnni þeim til halds og trausts ásamt því að hafa eftirlit með umboðsmönnum framboða sem voru viðstaddir talningu eins og lög

gera ráð fyrir. Jón ritaði fundargerð í talningunni en Ingibjörg Ingvadóttir ritaði allar aðrar fundargerðir.

Fyrstu tölur voru birtar í beinni útsendingu á RUV og Stöð2 kl. 22:30 og var þá búið að telja um þriðjung atkvæða. Talningu lauk um kl. 3:45 um nóttina.

Yfirkjörstjórnin hóf vinnu til undirbúnings kosninganna í febrúar.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst þann 14. apríl hjá sýslumanni. Haldnir voru alls 14 stjórnarfundir fyrir kjördag auk annarrar undirbúningsvinnu.

Ótaldir eru fundir á kjördag og eftir kjördag. Haldinn var sérstakur kynningarfundur með umboðsmönnum listanna, þar sem farið var yfir réttindi og skyldur umboðsmanna. Haldinn var einnig sérstakur fundur með oddvitum kjördeilda þar sem farið var yfir vinnuna á kjördag.

Skv. 126.gr. kosningalaga segir að yfirkjörstjórn skuli senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna á þar tilgerðu eyðublaði. Kjörsókn gefin upp eftir kyni og hversu margir þurftu að fá aðstoð við kosningu. Jafnframt þurfti að gefa skýrslu um aldursdreifingu kjósenda.

Með yfirkjörstjórninni störfuðu allan tímann bæjarstarfsmennirnir Sigurbjörg Hauksdóttir, Anna Kristín Guðmundsdóttir, Pálmi Þór Másson, Ása A. Krisjánsdóttir og Jóhannes Hilmarsson og vill yfirkjörstjórnin koma fram sérstöku þakklæti til þeirra fyrir góða samvinnu við undirbúning og framkvæmd kosninganna. Auk þess viljum við þakka öðrum ónefndum starfsmönnum bæjarins fyrir góða samvinnu. Einnig ber að nefna aðkeypta starfsmenn sem stóðu sig með mikilli þryði þau Una B. Einarsdóttir og Haukur Lúðvíksson sem hafa starfað með okkur í fjölmörgum kosningum. Ég vil svo þakka þeim sem eru með mér í yfirkjörstjórninni fyrir einstaklega góð kynni og góða samvinnu, þeim Ingibjörgu Ingvadóttur og Jóni Ögmundssyni en sá síðastnefndi kom í kjörstjórnina í mars sl í stað Péturs Steins Guðmundssonar sem starfaði með okkur í kjörstjórninni í tæp fjögur ár en þurfi að hverfa frá vegna veikinda í mars sl.

Að lokum:

Við í yfirkjörstjórninni, þ.e. Snorri Tómasson, formaður, Ingibjörg Ingvadóttir, ritari og Jón Ögmundsson, meðstjórnandi, óskum ykkur, nýkjörnum bæjarfulltrúum, velfarnaðar í störfum ykkar á kjörtímabilinu.